

fyrir ávísanir á allt að 151 kr. . 308 a.

— — — — — 189 — . 373 —

45
15. apríl.

Almennar ákvarðanir.

Glatist póstsending, skal koma fram með skaðabótakröfu innan árs eptir það að hún var afhent póststjórninni til flutnings.

Til þess að borga undir sendingar til utanríkislanda, má að eins nota almenn póstmerki en ekki þjónustumerki. Fyrir burðargjald það, sem greitt verður á þenna hátt með almennum póstmerkjum, er hlutaðeigandi póstmaður skyldur að gefa stjórnarvaldi því, er sendir, borgunarlausa viðurkenningu, þar sem tiltekið er burðargjaldið, og má þar eptir fá það endurgoldið sem annað burðargjald undir embættisbrjef.

Póstsambandið milli Danmerkur og Íslands verður óbreytt hið sama og að undanfögnu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. apríl 1879.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun lögreglustjóra fyrir skoðun á útflutningsskipum.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 16. október þ. á. lagt undir úrskurð ráðgjafans fyrirspurn bæjarfógetans á Akureyri um 20 kr. borgun þá, sem lögreglustjórum er veitt með 9. gr. laga frá 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur fyrir fyrsta daginn, er þeir verja til þess að skoða útflutningsskip. Spurt er um, hvort telja skuli borgun þessa með tekjum þeim, sem um er rætt í 1. gr. laga 14. desember 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta, eða slíkt skuli álita sem fæðispeninga (diæter), er hlutaðeigandi embættismanni beri að njóta eptir sem áður, og hafið þjer í þessu tilliti látið í ljósi, að þær 20 kr., sem um er getið í áminnztri lagagrein fyrir fyrsta daginn, virðist að eiga óskiptar að falla í landssjóð, en aptur á móti liggi næst að ætla, að hlutaðeigandi embættismanni beri þær 6 kr., sem ákveðnar eru fyrir hvern af hinum eptirfylgjandi dögum, með því að nefnd eru daglaun í greininni.

Fyrir því læt jeg ekki dragast hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að þær 20 kr., sem ákveðnar eru fyrir fyrsta daginn, geti hvorki að öllu nje nokkru leyti álitizt fæðispeningar, og að ráðgjafinn þar að auki fær ekki betur sjeð, en að þær 6 kr., sem tiltekna eru fyrir hvern dag þar á eptir, hljóti að skoðast á sama hátt, og þess vegna einnig eptirleiðis greiðast í landssjóð. Því það myndi vera mjög mikil ósamkvæmni að veita lögreglustjórum dagpeninga fyrir 2. og 3. daginn, en aptur á móti enga þóknun fyrir 1. daginn, því á þeim degi munu þó aðalstörfin venjulega lenda. En það atriði, að nefnd lagagrein hefir orðið «daglaun», þótt borgunin sje ekki bundin við hið venjulega skilyrði fyrir fæðispeningum embættismanna, að embættisverkið fari fram annarstaðar, en þar sem hlutaðeigendur (embættismaður eða skoðunarmenn) eiga heima, getur ekki gjört mikið að verkum, því þetta orð þýðir vafalaust hjer hið sama og «dagpeningar» eða «dagkaup».

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um amtmannaembætti.* in. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 17. sept. f. á. sent

46
9. des.
1878

47
10. des.
1878

47
10. des.
1878

hingað ályktun, sem gjörð var á síðasta alþingi, þar sem skorað er á yður að hlutast til um, að amtmannaembættin á Íslandi verði eigi veitt, er þau losna, heldur að eins settir menn til að gegna þeim, og að jafnframt sju nauðsynlegar ráðstafanir til þess gjörðar að amtmannaembættin leggist niður við fyrstu hentugleika. Þjer hafið í þessu skyni látið í ljósi, að þjer álitíð að slík breyting á umboðstjórninni sje ekki ótíltökileg, ef hún væri nægilega undirbúin, og hafið þjer nákvæmar benti á, hvernig hinum ýmislegu amtmannastörfum að yðar álití mundi mega gegna, ef að því kæmi að embætti þessi yrðu lögð niður.

Fyrir því læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður hið eptirfylgjandi til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Að leggja niður amtmannaembættin á Íslandi er svo mikilfengt og þýðingarmikið fyrirtæki, að það er í alla staði nauðsynlegt að rannsaka nákvæmar þær ástæður, sem ættu að geta gefið tilefni til slíkrar ráðstöfunar. Það sjezt af umræðum þeim, sem urðu á alþingi út af hinni framkomnu uppástungu til þingsályktunar, að uppástungumaður hefir fært þær ástæður fyrir uppástungu sinni, að amtmannaembættin væru óþörf, þar sem landshöfðingjaembættið væri stofnað, og amtmennirnir, eins og uppástungumaður á þinginu komst að orði væru nú eiginlega ekki annað en afskrifarar af því, sem kæmi frá landshöfðingja og færi til sýslumanna og af því, sem kæmi frá sýslumönnum og færi til landshöfðingja. Þessi lýsing er eins og hver maður getur sjeð, svo fráleit öllum sanni, að hún verður alsendis þýðingarlaus, þar sem eins og kunnugt er, mikill fjöldi umboðslegra starfa og úrslit fjöldamargra málefna eru falin amtmönnum á hendur, auk þess sem þeir undirbúa og semja uppástungur um þau málefni, sem landshöfðingi gjörir út um, uppástungumaður er því kominn í beina mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann í annari ræðu sinni um þetta málefni viðurkennir, að það muni verða nauðsynlegt þegar störf amtmanna verða lögð undir landshöfðingjaembættið, að stofna við það fleiri skrifstofur og setja þar yfir 2. eða 3. skrifstofustjóra til að afgreiða málin. Með því að með slíku fyrirkomulagi ekki myndi neitt sparast, en það mun þó vera aðaltilgangurinn með breytinguna, sjezt ekki, hvað ynnist með því að sameina eins og ráð er fyrir gjört stjórnarvöld, er nú eru á ýmsum stöðum. Aftur á móti myndi slík sameining, þar sem ómtin yrðu lögð niður, og allt umboðslegt vald sameinað á einum stað (centralisering), ekki einungis vera gagnstæð anda þessara tíma, sem einmitt miðar til að fá hjeradsstjórnnum sem mest vald í hendur (decentralisation), heldur myndi hún vera einkar óheppileg í víðlendu landi með svo ófullkomnum samgöngum, sem eru á Íslandi. Það er óumflýjanlegt, að úrslit málnanna myndu með þessari tilhögun dragast lengur en vera ætti, með því þau málefni, sem amtmennirnir geta nú leitt til lykta t. d. leyfisbrjef, skipströnd, fjárkláðamál, heilbrigðis og fangelsismál, þjóðjarðamál, o. fl. yrði að bera öll undir landshöfðingja, þar hjá eru mörg slík málefni svo vaxin, að það virðist eiga miður vel við, að landshöfðingi eptir stöðu sinni, sem æðsta stjórnarvald landsins fái st. d. samþykki á byggingarbrjefum og fjöldamörg önnur smámálefni, sem lúta að jarða-umboðum. Vera má, að fá ein af hinum umræddu störfum megi fela sýslumönnum á hendur, þótt slíkt sje ekki samkvæmt hlutarins eðli (principmæssigt), en sum málin eru aftur svo vaxin, að ekki verður svo með þau farið, með því þau mundu koma í bága við störf þau, er sýslumennirnir þegar hafa á hendi, og þar eð þau jafnaðarlega liggja fyrir utan hið eiginlega starfsvið sýslumanna, verða þeir varla skyldaðir til að taka þau að sjer endurgjaldslaust, og með því móti koma þá aftur fram ný gjöld. Hjer við bætist það, að varla má gjöra ráð fyrir að allir sýslumenn væru vel fallnir til að hafa slík störf á hendi, eða þegar á allt er litíð

takast fleiri störf á hendur, en þeir þegar hafa, og það myndi sjálfsagt verða opt ofan á, að málefnið, ef þau ættu að berast undir landshöfðingja, án þess að hafa gengið í gegnum millilið þann sem nú er, yrðu að sendast aptur heim, til að afla betri skýringa á þeim og með því myndu úrslit málanna frestast enn meir. Það er því ekki sýnilegt, þegar á allt er litið, að afskipti amtmanna á Íslandi af undirbúningi og meðferð málanna megi missast. Eins þarf varla að taka fram, hversu áriðandi það er, þegar eitthvað óvenjulegt fyrir kemur, t. d. ef náttúruviðburðir, landfarsótt, hungur og harðrjetti og annað þvílíkt að ber, að þá sje til einhver æðri embættismaður, sem geti skipt sjer af slíku án þess að biða eptir skipun til þess frá landshöfðingja. Að lyktum er það sjálfsagt, að eptirlitið með embættisrekstri sýslumanna, sem jafnvel eins og nú á stendur, er miklum vandkvæðum bundið, myndi verða það enn heldur, þegar það eingöngu ætti að koma frá Reykjavík.

Ef amtmannaembættin yrðu lögð niður, yrði hin næsta og nauðsynlega afleiðing af því sú, sem þjer, herra landshöfðingi, einnig hafið fyrirsjeð, að amtsráð þau, sem komust á með tilskipun frá 4. maí 1872 um stjórn á hinum íslenzku sveitamálum, aptur hlyti að hverfa, og að í staðinn fyrir þau yrði að stofna eina yfirsveitastjórn fyrir allt landið. Þjer hafið, herra landshöfðingi, sjálfir játað, að slíkt fyrirkomulag myndi hafa verulega örðugleika í för með sjer, en þjer ætlið þó, að á þeim megi sigrast, og bendið í þessu tilliti einkum á það, að í frumvarpi því, sem stjórnin lagði fyrir alþingið 1871 til fyrnefndrar tilskipunar, hafi verið ætlað til að koma hjer á sameinuðu amtsráði, er svo var kallað, og hefði æðsta úrskurðarvald í sveitamálefnum. Við þetta er þó athugandi fyrst og fremst það, að þá var alþingi að eins ráðaneytisþing, svo að það betur en nú mætti sameinast við ætlunarverk þess í löggjafarmálum jafnframt að taka þátt í meðferð sveitamálefna, og því næst áttu bæði amtmennirnir og biskupinn eptir frumvarpinu að eiga föst sæti í sveitaráðinu. En alþingi felldi frumvarp þetta einkum af því, að menn komust að þeirri niðurstöðu, að slíkt fyrirkomulag myndi leiða af sjer óhæfilegan drátt á afgreiðslu málanna, og í annan stað verða allt of kostnaðarsamt, og það myndi því verða miklu betra að stofna sjerstök amtsráð, og með því áynnist einnig það, að nákvæmar og ítarlegar yrði gætt hinna sjerstöku þarfa hvers amts.

Amtsráðin, sem komust á samkvæmt þessu, hafa eptir því sem frekast er kunnugt, hingað til þótt haganleg og eiga vel við ástandið á Íslandi, og því virðist ekki vera nein ástæða til, að leggja amtsráðin aptur fyrir óðal, og hverfa aptur að því fyrirkomulagi, sem alþingi sjálfst hafði ráðið frá, af því það samsvaraði ekki tilgangi sínum, án þess bent hafi verið á gilda ástæðu, og enn síður nokkra tilknýjandi nauðsyn til að koma á slíku fyrirkomulagi. Spurningin um það, hvornig samsetja ætti sameiginlega sveitastjórn, myndi þar að auki vera miklum annmörkum bundin. Að í henni væru eintómir alþingismenn, gæti sjálfsagt ekki átt sjer stað, þar eð landsstjórnin með því yrði útilokað frá allri hluttöku í eða tilhlutun um afgreiðslu sveitamála, og þá kemur sú spurning fyrir, hverjir ættu að vera í henni fyrir hönd landsstjórnarinnar, eptir að amtmannaembættin væru lögð niður, og sýslumennirnir sem formenn sýslunefndanna, útilokaðir þaðan, og hverjir ættu að útkljá mál þau, er fyrir koma í tímabilinu milli alþinga, og hafa umsjón yfir jafnaðarsjóðum amtanna. Það er í augum uppi, að þessi störf verða með engu móti falin á hendur landshöfðingja, þar sem hann ætti að hafa yfireptirlit með þessu ráði, og einkum grípa fram fyrir hendurnar á því, ef það samþykkti ólöglegar ályktanir.

Loksins er hjer enn eitt atriði, sem ekki má láta ógetið. Þar sem amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu er annar liður stiptsyfirvaldanna, og hefir, sem slíkur,

47 ásamt biskupnum, stjórn kirkju- og skólamála á hendi auk annara starfa, þyrfti, efleggja
 10. des. 1878 ætti niður amtmannaembættin, að kveða á um, hver ætti þá að takast á hendur þessi störf amtmannsins. Það virðist varla eiga við að fá þau í hendur landshöfðingja, sem einmitt á að vera yfirboðari allra annara embættismanna á Íslandi, en yrði með þessu móti að eins settur jafnhliða biskupnum, eins og einnig gæti af því leitt flækjur, ef ágreiningur yrði millum hinna nefndu embættismanna; en að fá biskupnum einum í hendur úrslit þessara mála, myndi að líkindum ótíltækilegt, og einkanlega óheppilegt með tilíti til umráðanna yfir kirknaeignunum.

Af því, sem tekið er fram hér að framan, mætti það vera ljóst, að breyting sú í umboðstjórn Íslands, sem fram á er farið, sje í sjálfu sjer bæði miður hagfeld og muni jafnframt hafa í för með sjer svo mörg vandkvæði og annmarka í framkvæmdinni, að henni yrði ekki komið á, án þess að áriðandi málefni yrðu með því út undan, og þess vegna verður ráðgjafinn að vera á því, að hin umrædda uppástunga ekki sje þess um komin, að hún verði tekin til greina.

48 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um launaviðbót embættismanns.* — Með þóknanlegu brjefi 25. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skotið til úrslita ráðgjafans bænarskrá Theódórs bœjarfógeta Jonassens í Reykjavík, þar sem hann spyr, hvort hann eigi ekki heimtingu á að halda að öllu eða nokkru leyti í embætti því, er hann nú hefir, þeirri launaviðbót fyrir sjálfan hann, er samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bœjarfógeta frá 14. desember 1877, þar honum sem sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að upphæð 1057 kr. 68 a. Látið þjer í ljósi, að eins og það að líkindum hafi verið tilgangurinn, þegar 7. gr. í áminnztum launalögum var samin, að láta embættismenn að eins njóta launaviðbótar fyrir sjálfa þá, meðan þeir eru í sama embætti, þannig hafi það verið skýrt tekið fram í hinni allraþegnsamlegustu bænarskrá Theódórs Jónassens um, að verða allramildilegast skipaður bœjarfógeti í Reykjavík, að áminnzt launaviðbót með þessu móti myndi sparast fyrir landssjóðinn, en þar að auki hafið þjer getið þess, að aukatekjur þær, sem lagðar eru til bœjarfógetaembættisins, samkvæmt 2. grein nefndra laga líklega geti talizt að minnztu kosti 5 eða 600 kr. ár hvert, þar sem þessar sömu tekjur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu varla geta talizt meiri en hjer um bil 10 kr. á ári, og hafi því Theódór Jónassen á þennan hátt fengið uppbót á launum sínum, sem nokkurn veginn samsvari launaviðbót þeirri, er hann áður hafði.

Fyrir þessar sakir fresta jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samkvæmt þeim ástæðum, er þjer hafið tilfært, álit ekki hlutaðeiganda eiga heimting á hinni áminnztu launabót, en að það að öðrum kosti sje honum heimilt að skjóta málinu til úrskurðar dómstólanna.

49 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um prestsvígslu.* — Þjer
 20. febr. hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dags. 27. nóvember f. á. sent ráðgjafanum til úrskurðar fyrirspurn frá biskupnum yfir Íslandi um það, hvort honum sje leyfilegt að vígja prest handa íslenzkum söfnuði í Nova Scotia, ef prestsefnið annars hefir heflegeleika þá, sem lögboðnir eru.

Fyrir því undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeining-